

Yfirlýsing frá Handknattleiksdeild ÍBV Íþróttafélags

Vestmannaeyjum, 29. júní 2022

Handknattleiksdeild ÍBV Íþróttafélags lýsir yfir vantrausti á aðalstjórn ÍBV Íþróttafélags.

Aðalstjórn ÍBV Íþróttafélags tók ákvörðun á fundi sínum þann 15. mars sl. að breyta ríkjandi fyrirkomulagi frá stofnun félagsins um jafnræði milli deilda félagsins, handknattleiksdeildar og knattspyrnudeilda við gerð heildarsamninga og úthlutun á fé frá aðalstjórn og þá þannig að knattspyrnudeild skyldi fá 65% og handknattleiksdeild 35%.

Þegar að aðalstjórn tók framangreinda ákvörðun þá voru í gildi reglur um jafna skiptingu milli deilda og liggur fyrir að aðalstjórn þekkti ekki til þeirra reglna þegar að ákvörðunin var tekin.

Til grundvallar ákvörðunar aðalstjórnar 15. mars sl. lá greinargerð frá framkvæmdastjóra. Greinargerðin hefur verið hrakin að öllu leyti og stóðust þær fullyrðingar og fjárhæðir sem þar komu fram enga skoðun, eins og aðalstjórn hefur verið kynnt með ítarlegum hætti af handknattleiksráði.

Þá telur handknattleiksráð ÍBV að aðalstjórn hafi þverbrotið reglur félagsins með því að setja þessa ákvörðun ekki fyrir fulltrúaráð félagsins áður en hún var tekin. Telur handknattleiksdeildin lög og reglur félagsins skýrar hvað þetta varðar en allar meiriháttar breytingar á starfsemi félagsins skulu fara fyrir fulltrúaráð áður en slik ákvörðun er tekin. Handknattleiksráð hefur ítrekað reynt að fá aðalstjórn til að breyta þessari ákvörðun sinni m.a. gert þá tillögu að lögmæti ákvörðunarinnar verði skoðað af þremur lögfræðingum en allri viðleitni handknattleiksdeilda hefur verið hafnað af aðalstjórn.

Við í handknattleiksráði ÍBV Íþróttafélags höfum og viljum leggja á okkur ómælda vinnu fyrir félagið. Það gerum við á grundvelli jafnræðis, allt frá stofnun ÍBV Íþróttafélags. Nú hefur aðalstjórn breytt grundvelli félagsins. Við í handknattleiksráði sættum okkur ekki við að mæta til vinnu fyrir félagið á öðrum forsendum en jafnræði og segjum því af okkur störfum í handknattleiksráði ÍBV Íþróttafélags.

F.h. Handknattleiks ÍBV Íþróttafélags

Grétar Þór

Grétar Þór Eyþórsson, formaður